

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga nr. 1230/2005, sbr. samþykkt nr. 655/2006.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. samþykktarinnar:

- a) A-liður verður svohljóðandi:
- A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:
1. *Bæjarráð*. Þrír bæjarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 2. *Forseta bæjarstjórnar og varaforseta*, sbr. 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
 3. *Skrifara og varaskrifara*, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.
- b) 13. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:
Félagsmálanefnd. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í sameiginlega nefnd Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- c) 14. tölul. B-liðar verður svohljóðandi:
Atvinnumálanefnd. 5 aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin vinnur að stefnumótun í atvinnumálum.

2. gr.

61. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum. Forstöðumenn stofnana og deilda ráða annað starfsfólk sveitarfélagsins að fenginni staðfestingu bæjarráðs. Sömu tengsl eru milli aðila hvað varðar veitingu áminninga og uppsagnir.

3. gr.

62. gr. samþykktarinnar fellur brott.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. nóvember 2007.

F. h. r.
Sesselja Árnadóttir.

Stefanía Traustadóttir.